

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023,
almenn ákvæði um fullbyggð svæði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 23. júlí 2014 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 25. júní 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 19. júlí 2014.

Breytingartillagan felst í því að bætt er við almennum ákvæðum um svigrúm til framkvæmda á fullbyggðum svæðum í kafla 4.1.3 Byggingarlist og mannvirkjagerð. Einnig eru gerðar minniháttar lagfæringar á skipulagsákvæðum fyrir svæðin 342-S og 300-I.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 23. júlí 2014.

F.h. forstjóra,
Hafdís Hafliðadóttir.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2014